

MOSFELLINGUR

1. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 11. JUNÍ 2023 • GET FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Dóri DNA, skemmtikraftur og handritshöfundur Aftureldingarþáttanna

MOSFELLINGUR ÁRSINS 2023

» AFTURELDING FÉKK FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR » SJÓNVARPSSERÍA ÁRSINS Í SVÍÐJÓÐ » MEIRA Í BÍGERÐ » MOSÓ-LAGIÐ LIFIR GÓÐU LÍFI

VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:
Milwaukee, Dewalt,
Metabo, Bosch,
Makita, Hikoki og
Panasonic



Hyrjarhöfða 2
Sími 558 0888
www.redder.is

www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Ertu í söluhugleiðingum?

Við viljum vinna fyrir þig

Svanþór s. 698-8555 svanni@fastmos.is
Theodór s. 690-8040 teddi@fastmos.is
Steingrímur s. 862-9416 steingrimur@fastmos.is
Sigurður s. 899-1987 sigurdur@fastmos.is

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is



MIKID ÚRVAL AF FALLEGUM OG LJÚFFENGUM TERTUM

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS



RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jonas B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkort: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 8. FEBRÚAR

Lyftistöng fyrir Mosó

Sjónvarpsþættirnir Afturelding Slógu í gegn á árinu sem leið. Þar voru Mosfellsbær og Afturelding í forgrunni og virkilega skemmtilegt að fylgjast með atburðarásinni. Dóri DNA, Mosfellingur ársins 2023, er vel að nafnbótinni kominn. Óþreytandi að koma Mosfellsbæ á framfæri og eins og hann segir sjálfur, alltaf sendiherra



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

Mosfellsbæjar. Nú vinnur hann, í félagi við Hafstein Gunnar, að nýrri þáttaröð og fengum við að skyggast inn í handritsgerðina í viðtali við Dóra í blaðinu. Mikil lyftistöng fyrir Aftureldingu og Mosó að vera miðdepill í svo stórrí sjónvarpsríki og allri umræðu í kringum hana.

Það er margt í pípunum hjá Dóra og óskum við honum til hamingju með nafnbótina sem við afhendum nú í 19. sinn og óskum honum góðs gengis áfram. Skilaboðin skýrt ég sendi, áfram áfram Afturelding!



ÍS FUGL

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

VETRARSÓL

Þegar sólin fer að hækka á lofti og snævi þakin fjallahringur skartar sínu fegursta verður birtan oft mjög falleg.

Í hugann kemur erindi úr ljóðinu VETRARSÓL eftir Ólaf Hauk Símonarson við lag efir Gunnar Þórðarson.

Það er komin vetrartíð með veður köld og stríð.

Ég stend við gluggann myrkríð streymir inní huga minn.

Þá finn ég hlýja hönd sál mín lifnar við, eins og jurt sem stóð í skugga en hefur aftur litið ljós. Mín vetrarsól.



BDS 27. desember 2023

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali

LILJUGATA 8-24 - GLÆSILEG RAÐHÚS



AÐEINS ÞRjú
HÚS EFTIR

Glæsileg og vel skipulögð 190 m² raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílplani og timburverönd. Eignir afhendast tilbúnar til innréttingar með frágenginni lóð á **122 m.** eða fullbúnar á **144,4 m.**



BUGÐUFLJÓT 17C

Nýtt og vandað 112,4 m² geymsluhúsnæði. Allt að 7 m lofthæð sem gefur möguleika á að setja upp allt að 52,2 m² milliloft í hverju bili. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 49,5 m.



BUGÐUFLJÓT 17B

Nýtt og vandað 63,8 m² geymsluhúsnæði sem er að rísa á stórrí lóð á Tungumelum í Mosfellsbæ. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 29,9 m.



VOGATUNGA 47

Fallegt og vel skipulagt ca 220 m², 5 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mikil lofthæð og innbyggð lýsing er á efri hæðinni. Mjög stórar svalir ca. 30 m² með fallegu útsýni og stór timburverönd.

V. 137,9 m.



BREKKUTANGI 13

278,0 m² raðhús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hellulagt bílplani með hleðslustöð. Fallegt garður með timburverönd í suðurátt. Svalir í suðurátt með svalalokun og svalir í norðurátt.

V. 121,5 m.



GERPLUSTRÆTI 16

Mjög falleg og vel skipulögð 106,6 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð (2. hæð frá götu) með sérinnangi af opnum svalagangi ásamt bílastæði í bílageymslu. Stórar svalir með svalalokun í suðurátt. Mjög fallegt útsýni. Frábær staðsetning rétt við Helgafellsskóla.

V. 74,9 m.



PRASTARHÖFÐI 36

Mjög glæsilegt 244,7 m² einbýlishús á einni hæð á frábærum útsýnisstað við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Húsið er allt hið glæsilegasta. Mjög mikil lofthæð (ca. 3,5 m). Stórir gluggar. Sérsmíðaðar innréttingar. Tvö eldstæði, bæði í stofu og setustofu. Borðplötur og sólbekkir eru úr granít.

V. 195,0 m.



LINDARBYGGÐ 11

Mjög fallegt 189,1 m² parhús með lokuðu bílskúli. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, borðstofu, stofu, sólstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, rísherbergi og bílskúli. Frábær staðsetning í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ, leikskóli í næsta nágrenni.

V. 123,5 m.



KVÍSLARTUNGA 28

Glæsilegt 382,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í byggingu. Gólfisdir gluggar og mikil lofthæð sem gerir eignina skemmtilega og bjarta. Stórar svalir í suðurátt með glæsilegu útsýni. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga.

V. 200,0 m.



BJARKARHOLT 27

Falleg og vel skipulögð 104,0 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í nýlegu lyftuhúsi við Bjarkarholt 27. Séráfnareitur í suðurátt. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 73,9 m.



MEÐ BÍLSKÚR

HJALLAHLÍÐ 29

Mjög falleg 94,4 m², 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinnangi og timburverönd, ásamt 27,7 m² bílskúr við Hjallahlíð. Frábær staðsetning í Mosfellsbæ, rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og golfvöll. Stutt í verslun og alla helstu þjónustu.

V. 82,5 m.



Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Fossatungu í Mosfellsbæ. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Fullbúð að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búð að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9-133,9 m.

Sundlauginni á Skálatúni lokað vegna slæms ástands

Ákveðið hefur verið að loka sundlauginni á Skálatúni til frambúðar vegna slæms ástands hennar.

Meðal þeirra sem mikið hafa notað lauginna er sundkennarinn Snorri Magnússon sem kennt hefur ungbarnasund. Snorri greinir frá því á Facebook að hann sitji uppi með nemendur sem biðu þess að hefja námskeið eftir jólafrí og fullan biðlista.

Pungbær ákvörðun

Nýr eigandi fasteigna á landi Skálatúns tók á dögunum þá þungbæru ákvörðun að starfsemi gæti ekki haldið áfram í sundlauginni á grundvelli öryggissjónarmiða, ekki síst með hliðsjón af því um hvers konar rekstur er að ræða.

Þetta kemur fram hjá Sóleyju Ragnarsdóttur framkvæmdastjóra sjálfseignarstofnunar Skálatúns.

„Milli jóla og nýárs á nýliðnu ári tók nýr eigandi formlega við eignarhaldi fasteigna í landi Skálatúns. Innan þess eignasafns er sundlaug, þar sem kennt hefur verið ungbarnasund til fjölda ára við góðan orðstír. Ætluð nýrra eigenda var alla tíð að sá rekstur myndi halda áfram, enda merk saga



ungbarnasunds í lauginni sem mikill vilji var til þess að héldi þar áfram.“

Ástand burðarvirkis ótraust

„Síðla árs bærust upplýsingar um að ástand húsnæðisins sem laugin er í væri ekki eins og best yrði á kosið og var ákveðið að fá fagmenn til þess að skoða húsnæðið

og meta ástand þess.

Út úr þeirri skoðun kom sú niðurstaða að ástand húsnæðisins er afar slæmt. Það sem vegur þyngst er að burðarbitar sem halda uppi þaki og veggjum laugarinnar eru mjög fúnir og illa farnir.

Ástand burðarvirkis er þannig ótraust og metið óruggt.“

Á www.mosfellingur.is eru birtar helstu fréttir úr blaðinu • Þrjár fréttir eftar á lista

MEST LESNU FRÉTTIRNAR Á MOSFELLINGUR.IS ÁRIÐ 2023



Hjálmurinn bjargaði miklu

1 **FRÉTT** | Rúnar Óli Grétarsson, 15 ára Mosfellingur, lenti í alvarlegu reiðhjólslaslysi þann 15. ágúst í Álafossvosinni. Rúnar Óli var á leið heim úr vinnu en hann hefur verið að vinna sem leiðbeinandi við skátanámskeið í sumar. Hann missir stjórn á hjólinu á mikilli ferð og stingst beint fram fyrir sig með alvarlegum afleiðingum. „Sjúkrabíllinn var fljótur á staðinn og í fyrstu virtust meiðslin ekki eins alvarleg ...



Ég játa mig sigraða

2 **VIÐTAL** | Anita Pálsdóttir segir ótrúlega sárt að geta ekki hugsað um barnið sitt. Downs-heilkenni er litningafrávik sem veldur þroskahömlun. Um það bil eitt af hverjum 800 börnum fæðist með heilkennið sem þekkt er um allan heim, þvert á heimssvæði og kynþætti. Anita Pálsdóttir eignaðist barn með Downs-heilkenni árið 2006. Hún segir að það hafi verið henni mikið áfall þegar ...



Við metum betur það sem við höfum í dag

3 **VIÐTAL** | Bjarki Sigurðsson viðskiptastjóri og Elísa Henny Arnardóttir hjúkrunarfræðingur hafa bæði glímt við eftirköst af COVID-19. Í einlægu viðtali við Ruth Örnólfsdóttur ræða þau um lífshlaup sín og hvernig veikindin hafa skert lífsgæði þeirra til muna. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru algengustu einkenni COVID-19 hiti, hósti, kvefinkenni, slappleiki ...



Nýjar hleðslustöðvar komnar í notkun

Í sumar var boðin út uppsetning, rekstur og fjölgun hleðslustöðva í Mosfellsbæ. Hleðslustöðvarnar átta eru nú allar komnar í notkun og eru þær á eftirfarandi stöðum: Jarðlinan; Krikaskóli, Hamrahlíð og Íþróttamiðstöðin við Lágafellsskóla. Rafmáni; Íþróttamiðstöðin að Varmá. Ísorka; Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Orka náttúrunnar; Helgafellsskóli, Þverholt 2 og Golfklúbbur Mosfellsbæjar við Æðarhöfða. Fjölgun hleðslustöðvanna er í samræmi við loftslagsmarkmið Mosfellsbæjar sem miða að því að auðvelda almenningi að draga úr losun og þar eru umhverfisvænni samgöngur mikilvægur hluti. Leiðbeiningar um hvernig á að hlaða má finna á vefsíðum þjónustuaðila.



36 fjölskyldur fengu matarúttekt fyrir jól

Krónan afhenti Soroptímistaklúbbi Mosfellsveitar 36 gjafakort sem safnað var fyrir í jólasöfnun Krónunnar á aðventunni. Þá bauðst viðskiptavinum að styrkja hjálpar-samtök sem sjá um matarúthlutunir í sínu nærsamfélagi í aðdraganda jóla og jafnaði Krónan þá upphæð á móti. Viðskiptavinir Krónunnar í Mosfellsbæ, ásamt Krónunni, söfnuðu því alls 720 þúsund krónum en samtals söfnuðust 12 milljónir króna í jólastyrkjasöfnun matvöruverslunarinnar um allt land. Söfnunin fór þannig fram að viðskiptavinum bauðst að styrkja fyrir 500 krónum eða meira og Krónan jafnaði sömu upphæð á móti. „Jólamánudurinn getur verið erfiður á mörgum heimilum og því er þetta samvinnuverkefni okkur afar mikilvægt,“ segir Guðrún Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri Krónunnar.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 14. janúar

Kl. 11: Guðsþjónusta.
Prestur: sr. Arndís Linn.
Kl. 13: Leikja sunnudagaskóli

Sunnudagur 21. janúar

Kl. 13: Kubba sunnudagaskóli.
Kl. 20: Taize messa í Lágafellskirkju.
Prestur: sr. Henning Emil Magnússon.

Sunnudagur 28. janúar

Kl. 11: Guðsþjónusta.
Prestur: sr. Henning Emil Magnússon.
Kl. 13: Gróður sunnudagaskóli í Lágafellskirkju.

Sunnudagur 4. febrúar

Kl. 13: Bíó & popp sunnudagaskóli.
Kl. 20: Kvöldmessa. Prestur: sr. Arndís Linn.

Barnakórsæfingar + NTT Æði-flæði í safnaðarheimilinu, Þverholti 3 (sjá auglýsingu) **4.-7. bekkur:** Kóræfingar á mánudögum kl. 15:15-16:00. **1.-3. bekkur:** Kóræfingar á mánudögum kl. 16:15-17:00.

NTT Æði-flæði: Námskeið fyrir **4.-7. bekk.** Hefst mánudaginn 22. janúar kl. 16-17:30 og verður í 6 skipti.

Foreldramorgnar

Á fimmtudögum kl. 10-12 í safnaðarheimilinu. 11. janúar: Opið hús. 18. janúar: Ungbarnaudd.

Gaman saman - samverur eldri borgara. Annan hvern fimmtudag kl. 12-14 í safnaðarheimilinu í samstarfi við FAMOS sem verða hina fimmtudagana á móti á Eirhömrum. 18. janúar: Stefán Jökulsson heldur fyrirlestur: Að ganga á staðnum eða leggja land undir fót. 1. febrúar: Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur heldur fyrirlestur um Suðurskautslandið.

JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE

4XE

PLUG-IN HYBRID

ÆVINTÝRALEG ÁRAMÓTASPRENGJA

1.600.000 kr.

ÁRAMÓTAAFSLÁTTUR

Verð 12.990.000 kr.
með vali á milli tveggja
áramótapakka.



GODSAGNAKENND ÁRAMÓTAHEIT

Það hefur aldrei verið hagkvæmara að efna áramótaheitin um fleiri ævintýri. Tryggðu þér goðsögnina Jeep Wrangler Rubicon 4xe Plug-In Hybrid, sem er hlaðinn öllum búnaði og gæddur einstakri drifgetu, á ævintýrlegu áramótatilboði. Hannaður til þess að gera lífið skemmtilegra og taka þig, þína og allt dótið hvert sem hugurinn reikar. Hreyfðu þig hratt því það er takmarkað magn í boði á þessum frábæra afslætti.

Áramótaafsláttarverð 12.990.000 kr.

Val á milli 35" breytingapakka eða pakka sem inniheldur dráttarbeisli, stigbretti og aurhlífar.

TVEIR BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep[®]

ALDREI MEIRA
ÚRVAL



Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0025

OUTLET SPRENGJA

VÖLUTEIG 17 - 19 MOSFELLSB - OPIÐ 12 - 18 OG LAUGARD. 12 - 16

50-70% AFSLÁTTUR


AF ELDRI HEILSUDÝNUM

30-50% AFSLÁTTUR AF
HVÍLDARSTÓLUM



TILBOÐ Í VERSLUNUM
MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR

Svefn & heilsa



vefverslun 
svefnogheilsa.is

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

UM FJÓRÐUNGUR
LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri | Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00

Drengur fæddist á nýársdag kl. 22:49 • Fyrsta barn foreldra sinna • Líkar vel í Mosó

Fyrsti Mosfellingur ársins kom í heiminn á nýársdag



PIOTR OG KARINA
MEÐ NÝARSDRENGINN

Fyrsti Mosfellingur ársins 2024 er drengur sem fæddist á Landspítalanum þann 1. janúar klukkan 22:49, hann var 3.855 gr. og 50 cm.

Drengurinn er fyrsta barn foreldra sinna sem eru þau Karina Cieslar og Piotr Cieslar sem koma frá Póllandi en hafa búið í Mosfellsbæ í tvö ár.

Fæðingin gekk vel

„Við vorum í gamlárspartýi til kl. 2 um nóttina og vöknudum svo við að vatnið fór hjá mér kl. 6.

Fæðingin gekk mjög vel, það var vel tekið á móti okkur á Landspítalanum og mér finnst fæðingarþjónustan hér alveg dásamleg,“ segir hin nýbakaða móðir.

Elska kyrrðina og náttúruna

„Okkur líkar rosalega vel að búa hér í Mosfellsbæ, við elskum kyrrðina og náttúruna hér í kring. Við komum frá suður Póllandi og landslagið minnir okkur á heimaslóðir. Við stefnum á að flytja aftur til Póllands eftir ár til að vera nærri fjölskyldu og vinum,“ segir Piotr.

Mosfellingur óskar fjölskyldunni til hamingju með drenginn.



Vinningshafar í jólakrossgátu

Í jólablaði Mosfellings gafst lesendum kostur á að spreyta sig á verðlaunakrossgátu. Dregið hefur verið úr innsendum lausnum og eru sigurvegarnir þau Reynir Axelsson Hjarðarlandi 10 og Katrín Dögg Hilmarsdóttir Litlakrika 72. Vinningshafarnir fá gjafabréf í Kjöttbúðinni í Mosfellsbæ og verður þeim komið til þeirra á næstu dögum. Lausnarorð krossgátunnar var „Sæll er hver í sinni trú“. Við þökkum þeim fjölmörgu sem sendu inn rétta lausn og óskum vinningshöfum til hamingju.

Jólatré hirt í samstarfi við Aftureldingu

Í dag, fimmtudaginn 11. janúar, er síðasti séns að setja jólatré við lóðarmörk ef íbúar vilja að þau séu hirt. Afturelding sér um að hirða trén þessa dagana en einnig geta íbúar losað sig við jólatré á endurvinnslustöð Sorpu við Blíðubakka án þess að greiða fyrir það. Gámur fyrir flugeldarusl er staðsettur við þjónustustöð Mosfellsbæjar, Völuteigi 15.

Mynd/RaggiÓla

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU

Fræðslunefnd FAMOS heldur fræðslufund í Hlégarði

31. janúar 2024 kl. 17:00.

Þeir sem taka til máls eru Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Halldór S. Guðmundsson dósenti í félagsráðgjöf við HÍ og Elva Björg Pálsdóttir tólmstunda- og félagsmálafræðingur.

Postulínshópur

Mánudagar kl. 11:30. Ekki er um formlegt námskeið að ræða heldur samveru og samvinnu þeirra sem hafa áhuga á að mála á postulín. Hægt er að brenna á staðum gegn vægu gjaldi. Áætlað er að hópurinn muni hittast vikulega kl. 11:30 alla mánudaga (ath. breytist frá þriðjudegi yfir í mánudag). Leiðbeinandi er Guðbjörg. Hámark 8 manns í hóp.

Tiffanys/mosaiksmiðja

Þriðjudagar kl. 11:30. Opið er í vinnustofunni frá kl. 11:30-15:00. Leiðbeinandi er Guðbjörg Stefánsdóttir. Öll áhöld og efni eru á staðnum og seld gegn vægu gjaldi. Höfum það gaman saman í vetur og sköpum fallega hluti saman. Allir velkomnir að vera með. Ef þú hefur áhuga á að vera með endilega hafðu sambandi við okkur í félagsstarfinu eða í síma 586-8014 milli 11:00-16:00 eða á elvab@mos.is. Félagsstarfið Hlaðhömrum 2.

Útsaumshópur

Miðvikudaga frá kl. 12:30.

Ef þú hefur gaman af útsaum, bucilla, applikeringu eða bara hverju sem tengist útsaumi, vertu velkomin.

Sveitaball í Hlégarði

Miðvikudaginn 17. janúar kl. 19:30-22:30. Dansiball verður haldið í Hlégarði á vegum FaMos og Hlégarðs. Komið og rífið upp gamla takta og skemmtum okkur saman. Hljómsveitin „Húnatríóíð“ leikur fyrir dansi, bæði gömlu og nýju dansana. Aðgangseyrir er 2.000 kr. Munið að koma á dansskónum.

Leir- og glersmiðja hjá Fríðu.

Laus nokkur pláss. Kennir er einu sinni í viku mán/mið eða fimmtudag. Ef þú hefur áhuga á að vera með, endilega hafðu samband við okkur í félagsstarfinu eða í síma 586-8014 milli kl. 11:00 og 16:00 eða á elvab@mos.is.

Minum á gönguhópinn okkar sem fer alla miðvikudaga frá Hlégarði kl. 10:30. Félagsvist alla föstudaga kl. 13:00, Hlaðhömrum 2.

Brigde þriðjudaga kl. 13:00, Hlaðhömrum 2. Handavinnustofa opin alla virka daga kl. 11:00-16:00 nema föstudaga kl. 13:00-16:00. Skapandi bras hittist kl. 13:00 á fimmtudögum.

Fræðslunefnd FaMos býður þér þátttöku í spjallhóp. Markmiðið er að fá eldri borgara sem vilja rjúfa félagslega einangrun til að taka þátt í spjallhóp. Með þátttöku í slíkum hóp gefst tækifæri til að hitta fólk í svipuðum aðstæðum og spjalla saman með það að markmiði að styrkja sig félagslega. Nánari upplýsingar og skráning er hjá formanni nefndarinnar, Hrund Hjaltadóttur, í síma 6635674.

HITTUMST Í HLÉGARÐI

Alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 í vetur. Hlégarður verður opinn fyrir allan aldur til að koma saman og njóta samveru og t.d. prjóna, spila, vefa, tefla, dansa og syngja. Endalausir möguleikar og ýmar heimsóknir og kynningar eru á dagskrá sem verða auglýstar síðar. Alltaf verður heitt á könnunni og hlýlegt að koma til okkar. Nýtum fallega Hlégarð til samveru. Ef þú hefur einhverjar góðar hugmyndir sem ættu heima í þessum samverustundum, endilega hafðu samband við forstöðumann félagsstarfsins, Elvu, í síma 6980090 eða elvab@mos.is

Gaman saman söngur annan hvern fimmtudag kl. 13:30 í vetur í borðsal á Eirhömrum, Hlaðhömrum 2. Kaffi selt ásamt meðlæti á 500 krónur eftir

skemmtun. Stjórnandi er Helgi R. Einarsson. Byrjar 8. febrúar. Gaman saman fyrirlestrar í samvinnu við Lágafellssókn, Þverholti 3, 3. hæð annan hvern fimmtudag kl. 14:00. Byrjar 18. janúar.

Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er Elva Björg Pálsdóttir tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.

FÉLAG ALDRAÐRA í Mosfellsbæ og nágrenni famos@famos.is www.famos.is

STJÓRN FAMOS


Jónas Sigurðsson formaður s. 666 1040 jonass@islandia.is
Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður s. 899 0378 hanna@smart.is
Þorsteinn Birgisson gjaldkeri s. 898 8578 thorsteinn.birgiss@gmail.com
Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is
Ólafur Guðmundsson meðstjórnandi s. 868 2566 polarafi@gmail.com
Ingibjörg G. Guðmundsdóttir varamaður s. 894 5677 igg@simnet.is
Áshildur Þorsteinsdóttir varamaður s. 896 7518 asath52@gmail.com

20 ÁRA
ALDURSTAKMARK

ÞORRABALL AFTURELDINGAR

UMFA

LAUGARDAGINN
20. JANÚAR!



EINNIG ÖRFÁ
SÆTI LAUS
Á BLÓTIÐ

MÍÐAVERÐ 4.500 KR

MÍÐASALA INN Á MIDIX.IS

HÚSIÐ OPNAR 23:00
FYRIR BALLGESTI





FMOS

Hátíðleg athöfn í FMOS 20. desember • 31 nemandi brautskráður • Íslensku menntaverðlaunin innspýting í starfið

ÚTSKRIFTARHÁTÍÐ FRAMHALDSSKÓLANS

Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram miðvikudaginn 20. desember við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans í Mosfellsbæ.

Að þessu sinni var 31 nemandi brautskráður. Af félags- og hugvísindabraut voru brautskráðir fjórir nemendur og sex af náttúruvísindabraut. Af opinni stúdentsbraut - almennu kjörsviði var 21 nemandi brautskráður.

Í ræðu skólameistara kom meðal annars fram að „leið-

sagnarnám, þessi verkefnaþaða nálgun á námsefnið er að ryðja sér til rúms út um allt í menntakerfinu en FMOS hefur verið í fararbroddi við þróun hennar allt frá stofnun skólans. Þess vegna hlaut FMOS Íslensku menntaverðlaunin nú í haust.

Sá heiður er innspýting í skólastarfið og viðurkenning á því frábæra starfi sem unnið er í FMOS. Af þessu tilefni talaði mennta- og barnamálaráðherra um FMOS sem

leiðarljós fyrir aðra í kennsluháttum.

Heimsóknir erlendra gesta eru tíðar og undantekningarlaust eru þeir yfir sig hrifnir af því sem þeir verða vitni að hér í FMOS. Það er eftirsótt að komast að í FMOS sem kennaranemi og við erum búin að fá beiðni um að taka við kennaranemum erlendis frá, einnig er FMOS að stórefla alþjóðlegt samstarf bæði í gegnum Erasmus+ og Nordplus junior.“



UPPÁKLÆDDIR HERRAMENN

Þorrablot Aftureldingar fer fram í þróttahúsinu að Varmá 20. janúar

Stefnir í metþáttöku

Mosfellingar hafa haldið þorrablot til styrktar Aftureldingu í fjöldamörg ár og nú fer að stytta í næsta þorrablot sem haldið verður að Varmá laugardaginn 20. janúar 2024. Miðasala hófst á Midix þann 1. desember.

„Við ákváðum að hafa miðasöluna með breyttu sniði þetta árið og það er skemmt frá því að segja að þetta hefur gengið glimrandi vel. Það fer hver að vera síðastur í að tryggja sér sæti, undanfarin ár hefur verið uppselt og við gerum ráð fyrir því sama núna,“ segir Ása Dagný nýr forseti þorrablotsnefndar.

Stærsti menningarviðurður ársins

Dagskráin er með hefðbundnu sniði, okkar menn Steindi og Auddi sjá um að stýra dagskrá kvöldsins,

Geiri í Kjötubúðinni og hans fólk sér um matinn og svo munu María Ólafs og Jóns ásamt hljómsveit halda uppi stuðinu fram á nótt.

„Við viljum meina að þetta sé stærsti menningarviðurður ársins í Mosó og hvetjum alla til að koma og skemmta sér með sveitungum sínum og styrkja um leið barna- og unglingastarf handbolta- og knattspyrnu-deildar Aftureldingar.

Sérstaða okkar blóts er sú að hefð hefur skapast að hópar komi og skreyti borðin sín. Skreytingarnar fara fram á blótsdegi, mikill metnaður er í skreytingum og góð stemning í salnum þegar þetta fer fram,“ segir Ása Dagný að lokum og hlakkar til að sjá sem flesta á blóti.



TAKK FYRIR STUÐNINGINN

BJÖRGUNARSVEITIN KYNDILL ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM FYRIRTÆKJUM FYRIR STUÐNINGINN VIÐ FLUGELDASÝNINGUNA Á ÞRETTÁNDANUM.



JH Trésmíði

-Fagmenn á ferð

jhtresmidi@jhtresmidi.is



Allt klárt fyrir veisluna?

VEISLUBAKKAR

FYRIR ÖLL TÍLEFNI



Einfalt og fljótlegt

Hrein hollusta,
glóðheit gleði


serrano

Munnlegt próf

15%
skóla-
afsláttur*

Afsláttur
til allra
nema

*Gegn framvísun
nemendaskírteinis





Mosfellingar kvöddu jólin • Ýmsar kynjaverur á sveimi

ÞRETTÁNDAGLEÐI

Nokkur þúsund manns kvöddu jólin þegar hin árlega þrettándabrenna Mosfellsbæjar var haldin laugardaginn 6. janúar.

Skátafélagið Mosverjar leiddi blysför frá Miðbæjartorgi að brennunni sem var haldin neðan Holtahverfis við Leiruvoginn. Jólasveinar, álfar og skótuþjúin Grýla og Leppalúði tóku þátt í blysförinni.

Við brennuna tók lúðrablastur Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar á móti göngufólki. Því næstu leiddu álfakóngur og drottning fjöldasöng og loks spilaði Stormsveitin. Dagskrá lauk svo með stórglæsilegri flugeldasýningu sem björgunarsveitin Kyndill stóð fyrir.



HM Í HANDBOLTA

HANDBOLTA TILBOÐ Á BLIK BISTRO

BLIKBURGER & VIKING AF KRANA

KJÚKLINGAVÆNGIR & VÍKING AF KRANA

BOLTA TILBOÐ Á 2.990KR YFIR ALLA LEIKI Á HM

HAPPY HOUR ALLA DAGA 16-18



ALLTAF GOTT VEDUR
KEILA
SHAKE
PINN
PILUKAST BOLTI
KAREOKE
AEMAE
HOPEFL



BÓKAÐU BRAUT EÐA FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPA
Á KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS

Keiluhöllin

keiluhollin.is

shake & pizza

shakepizza.is



Daníel Ingi er ungur athafnamaður • Ingling á markað

Framleiðir sitt eigið fæðubótarefni

Mosfellingurinn Daníel Ingi Garðarsson er ungur athafnamaður sem hóf framleiðslu á fæðubótarefnum á síðasta ári.

„Upphafið að þessu var að ég fór sjálfur í hormónamælingu og greinist með of lágt testósterón og vantaði góðan búster fyrir testó en fann engan hér á landi og ákvað að búa til minn eigin og svo þróaðist þetta út frá því,“ segir Daníel sem segir lágt testósterón og ófrjósemi hjá ungum karlmönnum vera vaxandi vandamál í vestrænum heimi.

Framleitt í Matís

Daníel er mikill grúskari og hefur mikinn áhuga á indverskri og kínverskri læknisfræði, grúskar mikið í rannsóknum og er í líftækninámi sem stendur.

„Öll línin mín er framleidd hér á landi í Matís og ég nota einungis hágæða hráefni í fæðubótarefni mín sem ég flyt inn sjálfur. Ég er með 6 vörur og ætla mér að breikka línuna í framtíðinni. Svo hef ég mikinn áhuga á að skoða íslenskar jurtir og vinna með þær í framtíðinni.“

Framleiðir undir nafninu Ingling

„Sem barn las ég mikið Íslendingasögurnar og ein af mínum uppáhalds sögum er Ynglingasaga en allir Íslendingar geta örugglega rakið ættir sínar þangað.“

Sagan fjallar um afkomendur guðsins Freys sem er guð frjósemi og fannst mér þetta smellpassa. Og lógóíð mitt er Ynglingarúni.



Svo er það líka skemmtilegt að ég heiti Ingi að öðru nafni,“ segir Daníel og hlær.

Ætlar sér stóra hluti

„Virkin í jurtunum sem ég er með, eins og til dæmis Ashwagandha sem hefur notið mikilla vinsælda á síðastliðnum árum, er að koma á hormónajafnvægi, virkar vel á streitu og álag og fleira. Markmið mitt er að bæta heilsu og vellíðan allra Íslendinga.“

Vörurnar er hægt að fá á heimasíðunni minni www.ingling.is, Mamma veit best og í Urðarapóteki,“ segir Daníel að lokum og hvetur allar Mosfellinga til að skoða síðuna sína og kynna sér fæðubótarefni sem hann býður upp á.

Hlégarður og FaMos kynna

Sveita ball

Hlégarði
17. janúar
Kl: 19:30-22.30

Dansiball verður haldið í Hlégarði á vegum FaMos og Hlégarðs. Komið og rifjið upp gamla takta og skemmtum okkur saman. Hljómsveitin „Húnatrióið“ leikur fyrir dansi, bæði gömlu og nýju dansana. Aðgangseyrir er 2.000 kr. Munið að koma á dansskónum.

BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700

Idol

ÞRENNNA

3 X MIÐSTÆRÐ AF MATSEÐLI

5.900 KR

AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS



Domino's®



GILDIR
FÖS.-SUN.
EF ÞÚ SÆKIR



NÝTT Í HÁDEGINU

BANKINN

BISTRO



HÁDEGISHLAÐBORD

ALLA VIRKA DAGA

TVEIR AÐALRÉTTIR
& SÚPA DAGSINS

MATSEÐILL BIRTIST VIKULEGA Á
INSTAGRAM & FACEBOOK SÍÐUM BANKANS

  bankinnbistro



ALLIR HELSTU ÍPRÓTTAVIDBURÐIR Á FJÓRUM RISASKJÁM



**MEN'S EHF EURO 2024
HANDBALL**



**Premier
League**



NÝJAR PIZZUR & BREYTINGAR Á MATSEÐLI FRAMUNDAN

**FYLGIST MEÐ Á
INSTAGRAM &
FACEBOOK**

BANKINN
BISTRO



Listasalur Mosfellsbæjar

Jakob Veigar opnaði nýja sýningu á laugardaginn

Jakob Veigar Sigurðsson opnaði sýninguna „I think, therefore I am fucked“ laugardaginn 6. janúar í Listasal Mosfellsbæjar.

Fjölmenn var á opnuninni og margir gerðu sér ferð til að líta á verk hans sem eru bæði stór og kraftmikil. Sýningin stendur til og með 2. febrúar 2024.



HUNDAR SEM HLUSTA Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

LAUGARDAGINN 27. JANÚAR 2024

Bókasafnið býður börnum að koma í safnið og lesa sér til ánægju fyrir sérþjálfaða hunda. Tveir hundar verða á staðnum og komast sex börn að.

Vinsamlegast athugið að panta þarf tíma. Óskir um tíma skal senda á evadogg@mos.is. Tímar sem eru í boði: 12:30, 12:50 og 13:10.

Gott er að barnið hafi valið sér texta að lesa áður en lestarstundin hefst.



Söngustund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Miðvikudaginn 17. janúar kl. 16:45



Fyrsta söngustundin á nýju ári! Við lesum saman bókina Enginn sá hundinn eftir Hafstein Hafsteinsson og Bjarka Karlsson.

Krakkarnir á Bakka verða himinlifandi þegar fjörugur hvolpur leynist í jólapakkanum. En um næstu jól eru gjafirnar enn meira spennandi svo að hundurinn gleymist. Þá þarf hann að grípa til sinna ráða!

*I think,
therefore I am
fucked*

**JAKOB VEIGAR
SIGURÐSSON**

6. jan. - 2. feb. 2024

Öll velkomin!



Listasalur Mosfellsbæjar

Nýársávarp bæjarstjóra Mosfellsbæjar

Tökum fagnandi á móti nýju ári

Kæru íbúar og starfsfólk Mosfellsbæjar. Ég óska ykkur gleðilegs nýs árs með kær-
m þökkum fyrir samstarfið á liðnu ári.
Árið 2023 var fyrsta heila árið mitt í starfi
bæjarstjóra og er óhætt að segja að það hafi verið við-
burðaríkt.

Það var til dæmis ótrúlega gefandi að fylgjast með okkar flotta íþróttafólki vinna hvern sigurinn á fætur öðrum og ýmist sækja bikara heim eða komast í undanúrslit.

Þá var ekki laust við að hjartað tæki hopp af stolti þegar nafnið Afturelding rúllaði á sjónvarpsskjánum mörg sunnudagskvöld í fyrravetur. Afar vel gerðir og leiknir þættir sem vekja athygli á bænum okkar langt út fyrir landssteinana.

Bæjarhátíðin í túninu heima heppnaðist afar vel og metþátttaka var á flestum viðburðum, þrátt fyrir að veðrið væri aðeins að stríða okkur.

Eitt af því sem ég upplifi að hafi haft mikið gildi fyrir Mosfellinga á síðasta ári er ákvörðun bæjarstjórnar að yfirtaka rekstur Hlégarðs og ráðning viðburðastjóra fyrir húsið. Það má með sannri trú segja að Hlégarður hafi fljótt náð fyrri sess sem eins konar hjarta Mosfellsbæjar og nýyr dagskrárliðir hafi slegið í gegn.

Annar mikilvægur áfangi á árinu var samningurinn við innviðaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og IOGT um yfirtöku Mosfellsbæjar á þjónustu við íbúa á Skálatúni og sérstakt framlag til þess verkefnis frá Jöfnunarsjóði. Jafnframt var skrifað undir samning um stofnun nýs félags um uppbyggingu á þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur á lóð Skálatúns.

Meðal stofnana sem flytjast á svæðið eru Barna- og fjölskyldustofa, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Ráðgjafa- og greiningarstöð ríkisins. Það er skýrt í öllum samningum að núverandi íbúar Skálatúns njóti forgangs og þurfi ekki að flytja, kjósi þeir það ekki. Svæðið er það stórt að það er pláss fyrir uppbyggingu samhliða búsetu þeirra á svæðinu.

Á árinu var einnig gerð rekstrar- og stjórnsýsluúttekt sem leiddi til stjórnkerfisbreytinga sem tóku gildi 1. september.

Það væri ekki rétt að segja að árið hafi liðið án nokkurra áskorana. Verfall aðildarfélaga BSRB hafði til dæmis mikil áhrif á starfið í leikskólunum á vor og í sumar og á árinu var nýtt sorphirðukerfi tekið í notkun í samræmi við ný lög um hringrásarhagkerfið. Þær breytingar kröfðu útsjónarsemi í tengslum við nýtt flokkunarkerfi, ekki síst hjá íbúum.

Það er við hæfi að þakka bæjarbúum sérstaklega fyrir polinmæðina og samstarfsviljann við innleiðinguna sem hefur gengið mjög vel.

Þjónusta við börn og fjölskyldur

Þjónusta við börn og fjölskyldur er í forgangi í Mosfellsbæ með öflugum leik- og grunnskólum, listaskóla, félagsmiðstöðvum og frístundastarfi. Þá er ótalið það góða starf sem íþróttafélög og önnur frjáls félagasamtök halda úti fyrir börn og unglinga. Það verður áfram haldið á þeirri braut að bjóða börnum sem verða eins

árs 1. ágúst eða fyrr leikskólapláss en á árinu 2023 var plássnum við einkarekna leikskólann LFA í Grafarvogí fjölgað um fjórutíu. Þá er uppbygging hafin á leikskólanum í Helgafellshverfi sem á að vera tilbúinn haustið 2025.

Á síðastliðnum 10 árum hefur orðið 40% fjölgun barna í leikskólum í bænum á móti 18% fjölgun grunnskólubarna. Á sama tíma hefur kostnaðarhlutdeild foreldra í rekstri leikskóla lækkað úr 32% í 10%.

Áfram verður unnið að innleiðingu menntastefnu Mosfellsbæjar og nýrra farsældarlega. Þá hefur skólaþjónustan verið eflað en á síðasta ári fengu 386 börn aðstoð sérfræðinga á vegum hennar.

Þjónusta við eldri borgara

Á nýju ári munum við taka þátt í verkefninu „það er gott að eldast“ sem er samþætting heimahjúkrunar og heimastuðnings.

Markmið þróunarverkefnisins er að flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin þegar kemur að öldrunarþjónustu. Í Mosfellsbæ erum við með þjónustu á heimilum hjá rúmlega 200 eldri borgurum. Um þessar mundir er verið að gera könnun á upplifun þeirra á þjónustunni sem verður gagnleg inn í áframhaldandi vinnu við samþættinguna.

» Mín heitasta ósk fyrir árið 2024 er að við förum inn í nýtt ár með mannúð og kærleik að leiðarljósi. Í því samhengi skiptir hvert og eitt okkar máli, því við höfum öll rödd.

Þjónusta við fatlaða einstaklinga

Það var töluverð áskorun að taka við þjónustu við íbúa á Skálatúni sem eru 32 í dag og yfir 100 starfsmenn sem skiptu um vinnustað. Verkefnið hefur gengið vel og við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá þjónustugegum og starfsmönnum. Haustið 2024 munum við opna nýjan búsetukjarna við Úgútu og velferðarsvið er að leggja drög að frekari uppbyggingu í málaflökknum. Þá höfum við bætt aðgengi fyrir fatlað fólk víða í bæjarfélaginu í samstarfi við verkefnið Römpum upp Ísland.

Fjárfestingar

Það eru stór fjárfestingarverkefni fram undan á árinu 2024. Leikskólinn í Helgafellshverfi er stærsta einstaka verkefnið á árinu. Búið er að bjóða út gerð undirlags við Varmárvelli en skipt verður um gervigras á aðalvellingum á árinu 2024 og í framhaldinu verður nýr frjáls-íþróttavöllur lagður. Lóðin við



Var-
m á r -
skóla verður tekin í gegn og framkvæmdum utanhúss lokið við Kvíslarskóla. Þá er fram undan endurskoðun á þarfagreiningu vegna þjónustubyggingar og móttun framtíðarsýnar fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja í Mosfellsbæ. Áfram verður unnið að uppbyggingu atvinnusvæðis við Blikastaði, unnið að gerð rammaskipulags fyrir miðbæinn og nýtt aðalskipulag klárað.

Horfum fram á veginn

Frá því að ég hóf störf sem bæjarstjóri hef ég skrifað vikulega pistla sem hafa birst á heimasíðu bæjarins. Þeir eru 53 talsins en ég hef tekið frí frá skrífum þegar bæjarstjórn hefur farið í leyfi. Markmiðið var að gefa innsýn í störf bæjarstjórnar. Ég mun halda áfram á þessari braut en gera þær breytingar að birta mánaðarlega pistla og fjalla þá meira um einstök mál í stað yfirferðar um þá fundi og viðburði sem ég hef sótt.

Jarðhræringar hafa einkennt seinni hluta ársins 2023 með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir Grindvíkinga og hugur þjóðarinnar hefur verið hjá þeim. Þá eru blikur á lofti í heimsmálunum, bæði vegna ástandsins í Úkraínu og nú síðast á Gasa-svæðinu þar sem við horfum á hræðilegar afleiðingar stríðsins nánast í beinni útsendingu á hverju kvöldi. Á þriðja tug þúsunda íbúa hafa látist, aðallega konur og börn.

Við þessar aðstæður er svo auðvelt að verða vanmáttugur og upplifa að það sé ekkert hægt að gera í þessari stöðu. En það er ýmislegt hægt að gera og það minnsta er að taka utan um þá sem hafa flúið stríðsátökin og veita þeim skjól til að vaxa og dafna.

Mín heitasta ósk fyrir árið 2024 er að við förum inn í nýtt ár með mannúð og kærleik að leiðarljósi. Í því samhengi skiptir hvert og eitt okkar máli, því við höfum öll rödd.

Tökum því fagnandi á móti nýju ári og horfum bjartsýn fram á veginn.

Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri



TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Félagar í Björgunarsveitinni Kyndli þakka bæjarbúum fyrir stuðninginn á árinu sem var að líða og óska þeim velfarnaðar á nýju ári.

- Kveðja
félagar í Kyndli



Náttúran heillar mig alltaf

Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður og rithöfundur er landsmönnum vel kunnugur enda hefur hann starfað mikið að upplýsingamiðlun til almennings um náttúruna, margs konar vísindi og tækni, nýsköpun, jarðvísindi og umhverfismál. Hann hefur skrifað fjölda bóka um náttúru Íslands og gefið út ljóðabækur, skáldsögur og smásagnasöfn.

Árið 2016 var Ari Trausti kosinn á þing þar sem hann var m.a. formaður og fulltrúi ýmissa nefnda en hann lét af störfum árið 2021.

Ari Trausti fæddist í Reykjavík 3. desember 1948. Foreldrar hans eru Lydía Pálsdóttir Zeitner-Sternberg leirmunasmíður og Guðmundur Einarsson myndlistamaður og rithöfundur frá Miðdal.

Ari á fimm systkini, Guðmund f. 1932, Einar Steinólf f. 1932, Yngva Örn f. 1938, Auði Valdísi f. 1943, Egil Má f. 1952.

Náttúran var áhugaverð

„Ég er alinn upp í Reykjavík, efst á Skólavörðustíg og í sumarhúsinu Lynghól í Mosfellsbæ, gamla Miðdalslandinu en þar bjuggum við í rúma þrjá mánuði á hverju ári.

Æskuminningarnar eru margar og góðar, hverfið mitt í Reykjavík var fullt af búðum, vinnustöðum, krökkum og leiksvæðum og svo dvölin frá því snemma sumars og fram yfir réttir í Lynghól og á Miðdalsheiðinni, þar var náttúran áhugaverð, trjáræktin og dýralífið.“

Nútíminn hélt innreið sína

„Ég gekk í Miðbæjarskólann þar sem mér leið vel, eignaðist góða vini og man bara eftir vonduðum kennum. Þaðan fór ég í landsprófsdeild í Iðnaðarmannahúsinu við Vonarstræti og svo í Menntaskólann í Reykjavík þar sem nám gekk þokkalega en kennararnir voru upp og ofan. Við strákarnir oftar í jakkafötum til að byrja með en gallabuxum og þurftum að þera suma kennara þar til þeir urðu dús. Yngri kennarar höfðu fundið nútímann og hann hélt líka innreið sína meðal nemandna með bíta- og hippatímabilinu.

Á sumrin dvaldi ég í sumarbústaðnum í Lynghól, fékk að fara með pabba og eldri bræðrum á veiðar og í ferðalög með foreldrum víða um land og í utanlandsferðir til Noregs, Svíþjóðar, Þýskalands, Austurríkis og Ítalíu.

Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla hóf ég störf hjá Belgjagerðinni og starfaði þar við frágang vara. Ég starfaði einnig hjá Mjólkursamsölluinni við ýmis störf og hjá Flugmálastjórn við viðhald á Reykjavíkflugvelli.“

Samvera við ýmis góð tilefni

Eiginkona Ara Trausta er María Gíslína Baldvinsdóttir sjúkralíði frá Siglufirði. Þau eiga þrjú börn, Huldu Sóllilju f. 1973, Hugin Þór f. 1976 og Helgu Sigríði f. 1985. Barnabörnin eru fimm.

„Þegar börnin voru yngri vorum við mikið í sumarbústaðnum okkar, fórum á skíði



Fjölskyldan á Blík Bistro, Rúnar, Hulda Sóllilja, Helga Sigríður, Sofiane, María, Myrra, Hrefna og Huginn Þór.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

og svo ferðudumst við út á land, gjarnan til Siglufjarðar. Smám saman lá leið okkar einnig til útlanda. Núna snýst samvera um alls konar tilefni til að hittast, gjarnan til að borða saman og svo höfum við gætt barnabarnanna af og til sem veitir okkur hjónunum mikla ánægju.“

Hlotið margar viðurkenningar

Það er óhætt að segja að Ari Trausti hafi komið víða við á sínum ferli. Hann stundaði nám í jarðeðlisfræði við Oslóarháskóla og tók síðar viðbótarnám í jarðvísindum frá Háskóla Íslands og útskrifast þaðan 1984.

Hann vann við rannsóknarstörf, blaðamennsku, kennslu og leiðsögn og ferðaþjónustu til ársins 1987. Eftir það varð hann sjálfstætt starfandi og sinnti ýmiss konar faglegri ráðgjöf, fyrirlesturum, ferðaþjónustu, fjölbreyttum ritstörfum og dagskrárgerð fyrir sjónvarp og útvarp.

Ari Trausti hefur skrifað fjölda bóka, gefið út smásagnasöfn, ljóðabækur og skáldsögur. Hann hefur einnig skrifað margar greinar í blöð og tímarit um umhverfismál, ýmis þjóðmál, stjórnmál, ferðaþjónustu og fjallamennsku. Hann hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir störf sín m.a. Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness, Landgræðsluverðlaunin, verðlaun Rannís fyrir framlag til vísindamiðlunar og árið 2022 varð hann handhafi riddarakross Fálkaorðunnar fyrir störf á sviði vísinda og þekkingarmiðlunar.

Á ekki langt að sækja listhneigið sína

Ari Trausti hefur komið að hönnun ým-

issa safna og sýninga, meðal annars Lava Centre á Hvolsvelli. Hann hefur framleitt heimildarmyndir og sjónvarpsþætti, tekið þátt í ljósmyndasýningum og haldið sýningar á eigin verkum, vatnslitamyndum og teikningum.

Ari Trausti á ekki langt að sækja listhneigið sína en faðir hans var þekktur og afkastamikill myndlistarmaður og rithöfundur, móðir hans leirmunasmíður og Guðmundur (Erró) bróðir hans er einn af þekktustu samtímalistamönnum Íslands og hefur einnig leikið veigamikil hlutverk í alþjóðlegri myndlist.

» Fjallganga, létt eða erfið, er eiginlega meira en holl áreynsla, líka einhvers konar jóga, ég er ekki einn um þá skoðun.

Leitaði uppi óklifin fjöll

„Ég hef stundað útivist, fjalla- og jöklaferðir í yfir fimm áratugi, bæði hér heima, í Ölpunum og í nokkrum háfjallalöndum, t.d. í Asíu og Suður-Ameríku. Mörg eldgos hafa verið tilefni til útivistar og svo hef ég líka stundað ísklifur. Ég var svoltið í hálendisleiðsögn hér heima og var í litlum hópi sem leitaði uppi óklifin fjöll á Íslandinu góða til að klífa.

Ég fór líka út í það að leiðsegja íslenskum hópum erlendis, m.a. á norðurlöndum og í Ekvador, auk ferða til Suðurskautslandsins, Mongólíu og Nýja-Sjálands svo dæmi sé nefnd. Fjallganga, létt eða erfið, er eiginlega meira en holl áreynsla, líka einhvers konar jóga, ég er ekki einn um þá skoðun.“

Alltaf gaman að skoða nýjar slóðir

Mörg Evrópulönd hafa verið á dagskránni

HIN HLIÐIN

Uppáhaldsvefsíðan? Youtube, vegna tónlistarflutnings.

Hverju myndir þú breyta á Íslandi ef þú ættir þess kost? Lýðræðislegra stjórnerfi.

Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt? Makinn og fjölbreytni í lífi og starfi.

Besta setning sem þú hefur heyrt? Á veltandi steini vex ekki mosi.

Hvað keyptir þú síðast fyrir heimilið? Fiskrétti.

Fyrsta minningin? Að hafa kastað leirfugli í loftið og fá hann svo í höfuðið svo úr blæddi.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Hún Myrra litla með því að taka fyrstu skrefin óstudd.

Hvaða app notar þú mest? Zoom.



MARÍA, ARI TRAUSTI OG HELGA Í EKVADOR



11 ÁRA Í MIÐBÆJARSKÓLA



Á FIMMVÖRÐUHÁLSI

á löngum tíma og við Maja höldum upp á borgarferðir og höfum farið í fáeinar slíkar um Frakkland að undanförmu. Það er alltaf gaman að skoða sig um á nýjum slóðum og í alls konar samfélögum.“

Ég spyr Ara hvað standi upp úr frá öllum þessum ferðalögum um heiminn? „Margar minningar hafa safnast til manns, t.d. að klífa ófarinn tind eins og Snæfell við Kálfafellsdal í kulda og trekki. Ganga um ósnortnar slóðir á Grænlandi með sauðnautum.

Standa á fyrsta tindinum yfir 6.000 metrana í Bólívíu og horfa á langan skugga hans stytast í takt við sólaruppkomuna. Þurfa að taka tilhlauð til að stökkva af hraunfleka yfir glóandi sprungu á fast land í Heklugosi og sitja með Maju á Café Carette í Mýrinni í París. Eftirminnilegt já, en það eftirminnilegasta er ef til vill ókomið í sjóðinn,“ segir Ari og brosir.

Fara í göngutúra um bæinn

Árið 2016 var Ari Trausti kosinn á þing fyrir Vinstri græna í Suðurkjördæmi. Meðal annars starfa á Alþingi var hann fulltrúi VG í utanríkismálanefnd, formaður Þingvallanefndar, formaður þingmannanefndar um norðurlöðir og varaformaður umhverfis og samgöngunefndar en hann lét af störfum 2021.

Ég spyr Ara Trausta hvað hann sé að gera í dag? „Ég sinni ritstörfum, fyrirlesturum, nefndarstörfum, leiðsögn og fjölmiðlun en nýti frístundir til annars, t.d. gönguferða með Maju upp og niður hér í sveitinni og í bænum,“ segir Ari að lokum er við kveðjumst.

HAMBORGARA- VEISLUNA

FÆRÐ ÞÚ Í KJÖTBÚÐINNI

90 GR / 140 GR / 200 GR



EM-BORGARINN

140 GR NAUTAKJÖT

INNIHELDUR PIPAROST, BEIKON OG BBQ-SÓSU

HAMBORGARASÓSA / BEIKON / SULTAÐUR RAUÐLAUKUR / HAMBORGARABRAUÐ



Gjafabréf frá Kjötbúðinni
er tilvalin tækifærisgjöf



KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ
GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK



Gunna Stína íþróttaeldhugi



TEKIÐ VIÐ VIÐURKENNINGUNNI
Í BEINNI ÚTSENDINGU

Guðrún Kristín Einarsdóttir, Gunna Stína, er íþróttaeldhugi ársins en hún var valin af valnefnd ÍSÍ og heiðruð samhliða kjöri á íþróttamanni ársins 4. janúar.

Íþróttaeldhugi ársins er valinn úr röðum sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni sem hafa í gegnum árin nýtt eigin hæfileika, frítíma og sérþekkingu til að efla íþróttastarfið í sínu nærumhverfi eða á landinu öllu.

Guðrún hefur síðustu ár unnið óeigingjarnt starf fyrir blaksamfélagið á Íslandi. Hefur hún starfað bæði fyrir Aftureldingu og Blaksamband Íslands.

Alls bárust 163 tilnefningar um 112 einstaklinga úr tuttugu íþróttagreinum. Þrír einstaklingar voru valdir úr þeirra röðum og valnefnd valdi að lokum Guðrúnu. Valnefndin var skipuð þeim Þóreyju Eddu Elísóttur formanni, Kristínu Rós Hákonardóttur, Margréti Láru Viðarsdóttur, Snorra Einarssyni og Degi Sigurðssyni.

Uppskeruhátíð Aftureldingar haldin á milli hátíðanna • Ýmsar viðurkenningar veittar

Íþróttafólk Aftureldingar

Íþróttakona Aftureldingar: Katrín Helga Davíðsdóttir handboltakona

Katrín Helga hefur æft og spilað handbolta með Aftureldingu allt frá 7. flokki og með meistaraflokki frá unglingsaldri.

Hún hefur leikið stórt hlutverk í uppbyggingu liðsins síðustu ár, þar sem aðal markmiðið er að festa það í sessi í efstu deild.

Katrín Helga er ósérhlífín og metnaðarfullur leikmaður sem leggur sig alltaf alla fram, bæði í mótlati og meðbyr. Hún mætir 100% í öll verkefni, styður samherja og mætir mótherjum af háttvísi og er því góð fyrirmynd, innan liðsins og félagsins.

Síðastliðið vor fékk Katrín Helga viðurkenninguna Mikilvægasti leikmaður meistaraflokks kvenna og þá sinnir hún einnig þjálfun hjá Aftureldingu og er nú í vetur með fjölmennan hóp stelpna í 5. flokki.

Íþróttamaður Aftureldingar: Þorsteinn Leó Gunnarsson handboltamaður

Þorsteinn Leó er uppallinn hjá Aftureldingu og hefur spilað allan sinn feril hér í Mosfellsbæ.

Þorsteinn Leó spilaði stórt hlutverk þegar mfl. karla varð bikarmeistari í mars á þessu ári. Þetta var fyrsti titill hjá handboltanum á þessari öld. Hann var einnig lykilmáður liðsins í úrslitakeppninni þar sem liðið datt út í undanúrslitum eftir mikla dramatík.

Hann var valinn í A-landslið karla á árinu og lék samtals 3 leiki með liðinu. Á dögnum skrifaði hann undir samning við Portó og mun leika með þeim á næsta tímabili.

Aðrar viðurkenningar sem voru veittar

Vinnuþjarkur Aftureldingar: Raggi Óla Starfsbikar UMFÍ: Barna- og unglingsráð knattspyrnudeildar
Hópbikar UMSK: Meistaraflokkur karla, handknattleiksdeild



ÞORSTEINN LEÓ
OG KATRÍN HELGA



VILHJÁLMMUR Á
MALBIKSTÖÐINNI

RAGGI ÓLA
LJÓSMYNDARI

Hvatubikar aðalstjórnar: Meistaraflokksráð karla, handknattleiksdeild
Sérstakar þakkir: Malbikstöðin
Þjálfarar ársins: Magnús Már Einarsson og Enes Cogic. Meistaraflokkur kk, knattspyrna
Sérstakar þakkir: Einar Ingi Hrafnsson handknattleiksdeild
Aftek ársins: Þjálfarateymi meistara-flokks kk í handknattleik



Álftárós breytist í Bakka á klukkunni

Blakdeild Aftureldingar og Byggingafélagið Bakki hafa gert með sér samstarfssamning þar sem Bakki auglýsir á skorklukkunni í sal 3. Á eldri klukku sem var í salnum var auglýsing frá Álftárós sem einnig var í eigu Arnar Kjærnested en hann hafði gefið þá klukku í salinn á sínum tíma. Því er hægt að segja að Örn Kjærnested hafi komið heim þegar hann kom og undirritaði samstarfssamninginn við blakdeildina ásamt formanni deildarinnar, Guðrúnu K. Einarsdóttur. Blakdeild Aftureldingar er ákaflega ánægð og þakklát fyrir stuðninginn og að fá þetta glæsilega merki í salinn.

Hrannar Snær í Aftureldingu

Afturelding hefur fengið Hrannar Snæ Magnússon til liðs við sig fyrir átökin í Lengjudeildinni í fótbolta en hann skrifaði undir tveggja ára samning á dögnum.

Hrannar, sem er 22 ára gamall, hefur spilað bæði sem kantmaður og bakvörður á ferlinum en hann kemur til



Aftureldingar frá Selfyssingum. Hrannar er uppallinn á Ólafsfirði og spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik með KF þegar hann var 17 ára gamall. Afturelding vann lið HK úr Bestu deildinni 3-1 í fyrsta æfingaleik ársins um síðustu Hrannar skoraði eitt af mörkunum í þeim leik. Undirbúningur er á fullu fyrir komandi tímabili og á laugardag er fyrsti leikur í Lengjubikarnum gegn KA á Akureyri.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT
8. FEBRÚAR

mosfellingur@mosfellingur.is

AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR



JAKO
SPORT ÍSLANDI

Barnakór & NTT Æði-flæði

Á mánudögum í safnaðarheimilinu Þverholti 3

🎵 Barnakór 🎵 æfingar 🎵

4. - 7. bekkur kl. 15:15 - 16:00

1. - 3. bekkur kl. 16:15 - 17:00

Áhugasamir söngfuglar hafið samband við kórstjóra: Valgerður Jónsdóttir valgerdur@lagafellskirkja.is

NTT ÆÐI-FLÆÐI

NTT (4. - 7. bekkur) kl. 16:00 – 17:15
Námskeið í 6 skiptið fyrir 9 til 12 ára krakka
Hefst 22. janúar til 26. febrúar + uppskeruhátíð í fjölskyldumessu 3. mars kl. 13 í Lágafellskirkju
Þema: Leikir, leiklist, fönður & skreytingar
Ókeypis námskeið & takmarkaður fjöldi

lagafellskirkja.is



Sjáumst í sunnudagaskólanum!

Í LÁGAFELLSKIRKJU KL. 13

7. janúar:
Upphaf barnastarfsins
14. janúar:
Leikja sunnó
21. janúar:
Kubba sunnó
28. janúar:
Gróður sunnó

Æskulýðsdagur
Þjóðkirkjunnar
3. mars:
Fjölskyldu
messa

4. febrúar:
Bíó & popp sunnó
11. febrúar:
Náttfata- og búninga sunnó
-TAKA MEÐ SÉR GEST!
18. febrúar:
Steina sunnó
-TAKA MEÐ SÉR ÍX STEIN!
25. febrúar:
Ljósa sunnó

5. maí:
Vorhátíð barnastarfsins

Í boði eftir hvern sunnudagaskóla verða grænar gjafir, litir, fönður, djús & ávextir

lagafellskirkja.is




Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ALLT
FASTEIGNASALA

Sérniðin þjónusta til
byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505



SteinTeppi.is

Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is

FJALS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSAMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

www.bmarkan.is

BÍLAVIDGERÐIR
BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FÓTAADGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



Mosfellsbær er einstakt samfélag

Hvernig viljum við sjá bæinn okkar þróast?

Á þeim 50 árum sem ég hef búið í Mosfellsbæ, þá hef ég verið sannfærðari og sannfærðari um að það sé best að búa í Mosfellsbæ.

Við höfum okkar sérkenni innan höfuðborgarsvæðisins sem erfitt er að útskýra fyrir utanbæjarmönnum, en hugtakið sveit í borg er ein leiðin til að útskýra þetta. Við erum enn þínu sveit og ég held að flest okkar vilji bara vera það. Við eigum eitt íþróttafélag - við erum öll í Aftureldingu - vonandi breytist það aldrei. Svo eigum við félagsheimilið Hlégarð - hversu sveit er það?

Ég var að rýna í niðurstöður úr áhugaverðri rannsókn sem Kolbeinn H. Stefánsson, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, vann fyrir Reykjavíkurborg um „Félagslegt landslag í Reykjavík (og nágrenni)“ og kynnt var sl. föstudag.

Í skýrslunni er mjög áhugaverður samanburður á íbúasamsetningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu út frá ýmsum sjónarhornum.

Þar kemur m.a. fram að:
- meðalaldur íbúa í Mosfellsbæ er lægstur á höfuðborgarsvæðinu (35,7 ár)
- hlutfall barna undir 18 ára aldri er hæst í Mosfellsbæ (26%)
- hlutfall fólks á eftirlaunaaldri (+66 ára) er með því hæsta á höfuðborgarsvæðinu (16,5%)
- hlutfall barna sem voru með lögheimili hjá einstæðu foreldri er með því lægsta á höfuðborgarsvæðinu (17,9%).

Svo þegar kemur að samanburði á tekjujöfnuði á milli sveitarfélaga, þá kemur Mosfellsbær best út allra sveitarfélaganna.

Við erum með lægsta Gini-stuðul ráðstöfunartekna (0,268), hlutfall á milli meðaltals og miðgilds eiginfjárstöðu heimila var það næst besta á höfuðborgarsvæðinu og lágtekjuhluftall (innan við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna) var það lægsta innan höfuðborgarsvæðisins (10,9%).

Þessi rannsókn sýnir okkur bara enn einn vinkilinn á því að Mosfellsbær er einstakt sveitarfélag samanborið við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Útskýringar á því af hverju Mosfellsbær kem-



ur svona vel út úr þessari könnun eru eflaust margþættar, en ég efast ekki um að sú staðreynd að í Mosfellsbæ er áberandi önnur samsetning á íbúðabyggð en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, er ein af skýringunum.

Í Mosfellsbæ er ca. 50% íbúða í sérbýli og 50% íbúða í fjölbýli. Stærð í íbúða í sérbýli í Mosfellsbæ er líka sérstök, þar sem við erum með hátt hlutfall af litlum sérbýlishúsum. Einnig erum við með áberandi hátt hlutfall af litlum fjölbýlum, eins og 4-8 íbúða fjölbýlum með sér inngangi. Þetta hefur þó breyst mjög hratt sl. 10 ár, þar sem allur fókus hefur verið á að byggja stór fjölbýlishús með lyftu og bíla-kjallara.

Við þurfum að gæta að því að uppbygging íbúðarhúsa verði ekki of einsleit á næstu árum, til að eyðileggja ekki þetta jafnvægi á milli sér-býla og fjölbýla, sem við búum við í dag.

Ég vona svo sannarlega að bæjarfulltrúar okkar kynni sér þessa könnun og að þeir velti fyrir sér, hvað er það sem skilgreinir okkur sem Mosfellinga og af hverju er svona gott að búa í Mosfellsbæ? Af hverju vilja fjölskyldur ala upp börn í Mosfellsbæ, og af hverju vill eldra fólk búa áfram í Mosfellsbæ?

Af hverju er félagslegur jöfnuður meiri í Mosfellsbæ en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu?

Að lokum vona ég að bæjarfulltrúar Mosfellsbæjar falli sem fyrst frá þeim hugmyndum að byggja upp þetta borgarbyggð í landi Blikastaða, en skv. drögum að aðalskipulagi, sem kynnt voru í sumar, þá gerir sveitarfélagið ráð fyrir að byggðin á Blikastöðum verði svo til þrefalt þéttari (45,3 íb/ha) en byggðin í Holta-, Tanga og Höfðahverfi (nú 15,4 íb/ha).

Þar ráðgerir Mosfellsbær að 80% allra íbúða skuli vera í fjölbýli, en eingöngu 20% í sérbýli.

Þetta er í engu samræmi við aðra byggð í bænum okkar og ég er sannfærður að þetta muni gjörbreyta þessu viðkvæma jafnvægi sem gerir Mosfellsbæ eins góðan og hann er í dag.

Einar Páll Kjærnested

Gildistími frístundaávísana og fjárhagsáætlun

Þann 6. desember síðastliðinn var fjárhagsáætlun ársins 2024 samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar lagði fram tvær breytingartillögur við fjárhagsáætlun. Fyrri tillagan sneri að því að ráða inn fjármálaráðgjafa fyrir skólastjórnum og sú seinni laut að frístundaávísunum og gildistíma þeirra.

Frístundaávísanir gildi í 12 mánuði

Frístundaávísun er framlag sveitarfélagsins til að börn eigi þess kost að sækja sér íþrótta- eða tótmundastundir, óháð efnahag og aðstæðum foreldra og forráðamanna.

Tillagan um frístundaávísanir laut að því að reglum um ávísanir yrði breytt á þann veg að gildistími þeirra verði 12 mánuðir í stað nýu eins og nú er. Kostnaður við tillöguna er óverulegur, þar sem gert er ráð fyrir tiltekinni fjárhæð í fjárhagsáætlun fyrir frístundaávísanir.

Markmið tillögunnar er að öll börn sitji við sama borð og eigi jöfn tækifæri til að sækja sér íþróttaþjálfun eða tótmundanámskeið allt árið um kring. Við erum með hóp barna, íslensk sem erlend, sem finna sig ekki í hefðbundnu íþrótta- eða tótmundastarfi að vetri til og standa oft félagslega höllum fæti. Við sem eigum börn sem hafa átt erfitt félagslega vitum hversu erfitt er að



virka börnin og fá þau til að prófa hin ýmsu námskeið.

Hversu mikill vanmáttur felst í því að eiga ekki vin eða vinkonu sem getur farið með á námskeið eða á æfingu. Á sumrin breytist úrval námskeiða. Þá koma fram námskeið sem geta vakið áhuga barna, en þá er það fjárhagur foreldra sem ræður því hvort barn geti sótt námskeiðin.

Athygli okkar hjá Vinum Mosfellsbæjar var vakin á öðru sjónarhorni á sumarstarf barna og það eru foreldrar með lítið bakland, oft af erlendum uppruna sem þurfa að púsla saman sumarfrismánuðum skólanna. Þau eru mörg að taka lengra sumarfrí og þá launalaust til að vera með börnum sínum. Því myndi sá möguleiki að nýta frístundaávísun að sumri til vera viðleitni sveitarfélagsins til að foreldrar geti sinnt sínum störfum og börnin verið ánægð á sínum námskeiðum.

Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og er ég þakklát samstarfsfólki mínu í bæjarstjórn fyrir það að gera öllum börnum kleift að sækja sér áhugaverðar frístundir allt árið um kring.

*Dagný Kristinsdóttir
bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar*



...fylgstu með okkur

www.facebook.com/mosfellingur

Hlégarður kominn heim

Hlégarður á sérstakan stað í hjörtum Mosfellinga á öllum aldri. Hlégarður skipar stóran sess í hugum allra íbúa sem unna menningu og félagslífi ýmiss konar.

Því er sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með öllu því lífi og allri þeirri gleði sem sívaxandi starfsemi í húsinu veitir út í samfélagið. Má í því sambandi nefna sögukvöld sem Menningar- og lýðræðisnefnd hefur staðið fyrir og mjög góður rómur var gerður að.

Félagsstarfið í Mosfellsbæ hefur staðið fyrir opnu húsi alla þriðjudaga þar sem alls kyns afþreying hefur staðið til boða fyrir eldri íbúa bæjarins. Þá hefur Félag aldraðra staðið fyrir reglubundnum menningar- og tónlistarburðum í húsinu. Fjölmennt ungmennaþing í tengslum við innleiðingu verkefnisins barnvænt sveitarfélag var haldið í húsinu og tókst frábærlega.

Við viljum líka nefna tónleika Barnajazz í Mosfellsbæ þar sem mosfellskir jazzkrakkar spiluðu með öðrum innlendum og erlendum jazzgeggjum á sínu reki. Síðast en ekki síst var haldinn vel heppnaður íbúafundur um sköpun rýmis fyrir menningarstarfsemi í Mosfellsbæ.

Fyrir utan þessa viðburði hafa fjölmargir af svipuðum toga verið haldnir í húsinu sem og fjölbreyttir tónleikar. Er þar skemmst að minnast tónleika Gretu Salóme á adventunni og vel heppnaðar tónleikaraðar Gildrunnar síðastliðið haust. Þessi upp-
talinng sýnir dæmi um þann fjölbreytileika sem ríkir í viðburðum í Hlégarði.

Reksturinn

Eitt þeirra áhersluatriða sem meirihluti B, S og C lista settu á oddinn í sínu meirihlutastarfi var að efla Hlégarð. Við vildum taka Hlégarð aftur heim en eins og kunnugt er hafði rekstri hússins verið útvistað til einkaaðila um langt árabil.

Nokkurn tíma tók að undirbúa þá ákvörðun enda þurfti að vanda vel til verka.



Starfsfólk stjórnsýslu bæjarins skoðaði hvernig rekstri slíkra félagsheimila eða samfélagshúsa væri háttað og best fyrir komið. Niðurstaðan varð að setja rekstur Hlégarðs inn í svokallaðan B-hluta rekstur. Innan B-hluta rekstrar er starfsemi sem ekki er rekin beint af bæjarsjóði heldur innan sérstaks dótturfélags með skilgreint hlutverk og ábyrgð.

Það er alveg ljóst að hér í bænum er þörf fyrir og eftirspurn eftir aðstöðu eins þeirri sem Hlégarður býður. Þess þarf að gæta sérstaklega vel að því að sú starfsemi sem einkaaðilar standa fyrir í húsinu, s.s. veislur eða tónleikar, sé ekki niðurgreidd af almannafé.

Einnig þarf að gæta að því að gjaldtakan undirbjóði ekki útleigustarfsemi af svipuðum toga í bænum enda um samkeppnismarkað að ræða. Gjaldskráin þarf því að taka mið af raunkostnaði við rekstur hússins að viðbættum virðisaukaskatti.

Framtíðin

Áfram þarf að halda með endurbætur á Hlégarði og móta þarf stefnu um hvers konar starfsemi eigi að vera á efri hæð hússins. Það stendur upp á kjörna fulltrúa. Sú stefna er nauðsynleg til að endurbætur þjóni væntanlegri starfsemi. Starfsemin í Hlégarði er þróunarverkefni sem tekur breytingum með aukinni reynslu og þekkingu þeirra sem þar koma að.

Við teljum okkur lánsöm að hafa ráðið öflugan og áhugasaman verkefnastjóra fyrir Hlégarð, Hilmar Gunnarsson, sem er öllum hnútum kunnugur í félags- og menningarlífi Mosfellsbæjar og nýtur samstarfs við fleira öflugt fólk innan stjórnsýslu bæjarins. Hlégarður er kominn heim og spennandi þróun fram undan.

Anna Sigríður Guðnadóttir bæjarfulltrúi S lista
Hrafnhildur Gísladóttir, formaður
menningar- og lýðræðisnefndar, B lista

Þorum að horfa til framtíðar

Í desember var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Áætlunin er í senn metnaðarfull og ábyrg í því efnahagslega umhverfi sem nú ríkir.

Það er að mati meirihlutans skynsamlegra þegar kemur að framtíðaruppbyggingu að taka sér tíma til að rýna hlutina og endurmeta þarfrir sveitarfélagsins reglulega. Þannig að þær fjárfestingar sem ráðist er í séu hugsaðar til næstu 20-30 ára en ekki bara til að leysa bráðavanda. Sem dæmi má nefna að þarfagreining fyrir Varmársvæðið sem var unnin á árunum 2019-2021 gerði ekki ráð fyrir uppbyggingu á Blikastaðalandinu og tilheyrandi fjölgun íbúa.

Meirihluti B, S og C lista í bæjarstjórn vinnur samhentur að því að fylgja þeim markmiðum sem sett voru í málefnaáætluninni. Í því felst að horfa til framtíðar og gera raunhæfar áætlanir út frá greiningu. Við viljum meta þarfrir bæjarbúa, áætla kostnað og fjárfestingargetu, vinna að fjármögnun og svo hefjast handa. Vinnulag sem flest öll fyrirtæki og heimili í landinu viðhafa.

Gjaldskrár og fasteignagjöld

Eins og áður er komið til móts við hækkun fasteignamats með því að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts. Notuð er nákvæmlega sama aðferð og mörg undanfarin ár. Þetta hefur starfsfólk fjármálasviðs ítrekað staðfest.

Milli umræðna í bæjarstjórn lagði meirihlutinn til að hækkun annarra gjalda yrði að meðaltali ekki hærrí en 7,5% til að koma til móts við sameiginlega baráttu gegn verðbólgu. Jafnframt lýsti meirihlutinn því skýrt yfir að Mosfellsbær sé reidubúinn til frekari lækkana ef þjóðarsátt allra aðila vinnumarkaðarins næst. Þessu til staðfest-



ingar var samþykkt yfirlýsing þess efnis í bæjarstjórn í gær.

Sorphirðugjöld skera sig frá í þessum efnun þar sem nýsett lög kalla á breytingar í framkvæmd og krefjast þess að sveitarfélög rukki raunkostnað fyrir sorphirðu.

Breyttir stjórnarhættir

Ítrekað reynir Sjálfstæðisflokkurinn að slá ryki í augu bæjarbúa vegna breytinga á skipuriti. Því hefur meðal annars verið haldið fram að búið sé að stórauka starfsmannafjölda, sérstaklega í yfirstjórn. Hið sanna er hinsvegar að einungis hefur verið fjölgað um eitt stöðugildi í yfirstjórn.

Önnur aukning kemur í kjölfar yfirtöku bæjarins á rekstri Skálatúns og eðlilegrar fjölgunar starfsfólks í fræðslumálum og velferðarþjónustu í takti við aukinn íbúafjölda.

Í stjórnsýslu- og rekstrarúttekt sem unnin var fyrir bæinn kom margt í ljós sem þurfti að lagfæra í rekstri bæjarins og hefur frekari vinna sýnt þá ríku þörf sem var á að bæta verkferla og ákvarðanatöku.

Mörg gömul þræufni hafa verið til lykta leidd og vegur þar þungast að fundin var lausn á málefnum Skálatúns.

Framtíðarsýn

Það þarf vissulega þor til að breyta vinnuháttum og að hugsa stærra, horfa lengra fram í framtíðina, en við höldum áfram ótrauð, óhrædd og samheldin. Já, við þorum getum og viljum, enda erum við að vinna fyrir bæjarbúa alla.

Með bestu óskum til allra bæjarbúa um farsælt ár og ósk um góða samvinnu og samveru á árinu.

Lovísa Jónsdóttir, oddviti Viðreisnar

ALPÝÐUBÚBBINN
stál og hnífur

Bjarni Ómar

Ábreiða Bjarna Ómars af lagi Bubba Morthens Stál og hnífur kemur út á öllum helstu tónlistarveitum þann 12. janúar 2024.

Mosfellingar eru hvattir til að leggja við hlustir og skella laginu á playlistann.

Íslensk ullarsæng

Tilvalin til jólagjafa

Sængurnar fást á Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

Íslenskt ull
Gæðamerki

HEILSUMOLAR GAUA



NÚIÐ

Ég er að vinna í núinu. Það er ekki einfalt. Kollurinn fer svo auðveldlega á flakk. Ég fer að hugsa um það sem ég ætla að gera, það sem er fram undan, það sem væri gott að myndi gerast og það sem væri minna gott að myndi gerast. En þegar ég nær að róa hugann og njóta þess sem ég er að gera án þess að velta á sama tíma fortíð eða framtíð fyrir mér þá færast yfir mig ró og friður, athyglin verður dýpri og ég skynja hluti betur.

Samhliða því að vinna í núinu er ég að vinna í breytingum. Árið 2024 er fyrir mér ár breytinga. Þessar breytingar krefjast þolinmæði, úthalds, seiglu og jákvæðs viðhorfs. Það er hollt að setja sjálfan sig í þannig aðstæður reglulega, að geta tekist á við þær áskoranir sem breytingar hafa í för með sér.

Ein leið til að tengja núíð og breytingar saman er flæði. Að taka ákvarðanir, gera eitthvað en leyfa svo hlutunum að gerast í stað þess að vera of ákaftur í að ýta þeim áfram með afli. Andátt inn um nefið og út um það líka. Það er heldur ekki einfalt fyrir mig, ég er ekki mjög þolinmóður að upplagi. Svo það er hollt fyrir mig að vinna í því líka, flæðinu. Flæði eins og ég túlka það, snýst um að koma hreyfingu á hluti, gára vatnið, en svo leyfa vatninu að renna þangað sem það á að renna og á þann hátt sem það á að renna.

Janúar er góður mánuður, einn af mínum uppáhalds. Lífið verður eðlilegt aftur eftir viðburðaríkan desember og það er upphafs- og bjartsýnisorka í loftinu. Evrópumót í handbolta spillir ekki fyrir - ég spái því að Steini okkar Mosfellinga verði kallaður inn í liðið um mitt mót og verði í kjölfarið ein af stjórnunum mótsins.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Þrettándatónleikar

STORMSVEITIN ROKKAR

Stormsveitin hélt sína árlegu þrettándatónleika í Hlégarði laugardaginn 6. janúar. Sveitin er skipuð 20 manna karlakór og 5 manna rokkhljómsveit.

Leiknir voru þjóðlög í rokkbúningi í bland við almenna rokktonlist.

Tónleikarnir voru með mosfellsku yfirbragði en sérstakir gestir voru þau Stefánía Svavarsdóttir og Birgir Haraldsson.

Húsfyllir var á tónleikunum sem tókust vel í alla staði en Stormsveitin hefur troðið upp við ýmis tækifæri allt frá árinu 2011.



STEFÁNÍA MEÐ STORMSVEITINI

MÁNUDAGUR VarmáBól	ÞRIÐJUDAGUR LágóBól & HelgóBól	MIDVIKUDAGUR VarmáBól	FIMMTUDAGUR LágóBól & HelgóBól	FÖSTUDAGUR
1. <i>Gledilegt nýtt ár</i>	2. Lokað	3. Opnum aftur! 19:30	4.	5. LágóBól & HelgóBól NewYear'sEve
8. Opið hús	9.	10. Fifamót	11. Opið hús	12. Nammikvöld VarmáBól
15.	16. Bíókvöld	17. Opið hús	18. RAVEBALL	19. LágóBól & HelgóBól Bónadagskvöld
22. Rafmagnslaust kvöld	23.	24.	25.	26. Danskeppni samfés & Stíll VarmáBól
29.	30. Opið hús	31. Danskvöld Jassa		

Bólið hefur tekið í notkun forritið Sportabler.

Í vetur munum við nota Sportabler m.a. til þess að halda utan um skráningu á viðburði fyrir unglíngadeild og opnanir í 10-12 ára starfið okkar.

Við hlökkum til samstarfsins á nýju ári



Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið skoðun og fáid **frítt** verðmat

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur
in your face 

 **Porsteinn Alex Gylfason**
Svakalegir 24 tímar hjá mér í gær giftist mamma mín. Síðan í dag fær pabbi fálkaorðuna alveg merkilegt, 10 ár frá skilnaði og þau eru enn að keppast um athygli barnanna.

1. jan

 **Leifur Guðjónsson**
Tilkynning
Ég hef tekið ákvörðun um að gefa Ekki kost á mér í embætti Forseti Íslands að þessu sinni ég fór 15 ára gamal í starfskynningu til frú Vigdísar Finnbogadóttir þannig að ég er vel inn í starfinu .
Ps. Þetta er ekki grín .

4. jan

 **Anna Sigurðardóttir**
Ég hlýt að vera ógeðslega feit og ljót og í lélegu formi. FB gerir ekkert annað en að dæla á mig auglýsingum um hvernig ég get orðið falleg, grónn og í frábæru formi.

8. jan

 **Hugrún Ósk Ólafsdóttir**
Í dag 4. janúar er ég búin að starfa í 10 ár hjá Mosfellsbæ :) Þvílík lukka sem það var að hefja störf þar á sínum tíma. Fá að vera svo lánsöm að sinna mörgum ólíkum en skemmtilegum verkefnum og kynnast þvílíkt flottum hópi af frábæru fólki <3

4. jan

 **Eygló Harðardóttir**
Búin að ljúka sveinsprófi í matreiðslu! Fyrir nokkrum árum lofaði ég að gera meira skemmtilegt: Byggja blokk, verða kokkur og ljúka við torfbæinn minn - og helst fyrir fimmtugt. Nú get ég strikað yfir kokkinn og blokkina á to do listanum. [...]
Matreiðslunámið er eitt það allra erfiðasta sem ég hef gert, - leið stundum eins og hefði verið að hlaupa hálf t maraþon eftir hverja 12 tíma vakt og að ég gæti bara eldað vandan mat í samanburði við alla snillingana sem ég var að vinna með.
Nú er bara að finna þessa sparsl spæða...

7. jan

facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



MALBIKSTÖÐIN



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi **554 2510**
www.bilasprautun.is

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is



Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug
Virkir dagar: 06:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug
Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21.30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

Viltu selja?

Hafðu samband **Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali

SÍMI: **586 8080**
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



Þú finnur öll blöðin á netinu

WWW.MOSFELLINGUR.IS



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Mosfellsbæ





Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968 **ÞAÐ SEM TIL ÞARF**

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR...

...að íþróttafólk Mosfellsbæjar verði krýnt í kvöld.

...að það sé kominn Grindvíkingur við stjórnvölinn í Bankanum bistro.

...að Árni Bragi hafi farið á skeljarnar á gamlárskvöld.

...að ný matsölustaðurinn sem opnar við hliðina á fiskbúðinni um helgina sé kominn með nafnið Dúos.

...að félag eldri borgara verði með sveitaball í Hlégarði miðvikudaginn 17. janúar. Hljómsveit hússins leikur undir gömlu dönsunum og nýju.

...að Lilja og Sævar hafi eignast dreng í desember.

...að Framhaldsskólinn sé ekki með í Gettu betur í ár.

...að allt stefni í metþáttöku á Þorra-blót Aftureldingar sem fram fer laugardaginn 20. janúar.

...að Binni handboltamarkvörður sé orðaður við stórlíð Porto.

...að Herrakvöld Lions fari fram föstudaginn 9. febrúar.

...að stefnt sé að því að Lágafellsskóli verði símalaus frá og með 1. febrúar.

...að Jóna Margrét sé komin í topp 8 í Idolinu og í beinar útsendingar sem hefjast á föstudag.

...að Andri Gestis sé fimmtugur í dag.

...að kótilettukvöld fari fram í Harðar-bóli á laugardaginn.

...að Þórhildur og Halldór eigi von á lítilli dömu á árinu.

...að Gulli Karls sé búinn að selja Merkistofuna.

...að verið sé að stofna hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsbæ.

...að handknattleiksmaðurinn Elvar Ásgeirs biði eftir barni og missi af EM af þeim sökum.

...að Parísarhjól GDRN sé vinsælasta lag síðasta árs á Bylgjunni

...að tveir menn frá mosfellska miðlinum Handbolti.is verði á EM í Þýskalandi.

...að forsetaframbóð Dóra DNA hafi fallið um sjálft sig eftir að í ljós kom að gos hófst ekki á þrettándanum.

...að selst hafi 500 miðar í forsölu á pakkkullit áramótaparty í Hlégarði á gamlárs.

...að Baddi sé nýr toppmaður UMFUS 2023.

...að Karen og Siggí Straumfjörð hafi eignast jólabarn korter í jól.

...að mosfellski trúbbinn Bjarni Ómar gefi út nýja ábreiðu af laginu Stál og hnífur um helgina.

...að Þór Gísla hafi orðið sextugur í vikunni.

...að Þorralbót Dalbúa fari fram í Harðarþóli föstudaginn 2. febrúar.

...að Sorpa sé hætt að dreifa bréfpókum undir matarleifar í verslunum.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Sær de Castro Ásdísarson fæddist 29. september 2023. Hann var 52 cm og 15 merkur. Foreldrar eru Ásdís Birna Gylfadóttir og Paulo Diogo de Castro.

TIL SÖLU

Innflutningsfyrirtæki í heilsugeiranum með heildverslun og vefverslun til sölu.

Góður lager og hagstæður leigusamningur á skrifstofu fylgir.

Áhugasamir hafið samband við Elínborgu hjá Allt fasteignasölu, elinborg@allt.is

LÍKAMI OG SÁL AUGLÝSIR 7 FM FALLEGT OG BJART HERBERGI TIL LEIGU

Herbergið er með opnanlegum glugga og handlaug. Hentar vel fyrir alla heilsu- og snyrtitengda starfsemi.

Allar upplýsingar gefur Jóna Björg 899 6499 eftir kl. 17.

Í eldhúsinu

Marmarakaka ala mamma

HJÁ STEINUNNI

Steinunn Reynisdóttir í Amsturdam deilir að þessu sinni með okkur uppskrift að marmaraköku ala mómmu.

Hráefni:

- 250 gr hveiti
- 240 gr sykurl
- 3 egg
- 125 gr smjör/smjörlíki
- 1 1/4 desilítri mjólk
- 1-1,5 matskeið kakó
- 1 teskeið lyftiduft
- 1 teskeið vanillusykur
- smá rasp í formið

Aðferð:

Sykur og smjör hrætt vel saman þangað það verður mjúkt og hvítt. Eggjarauðurnar hræðar vel úti í ein og ein og



hrætt vel á milli. Mjólkinn sett út í, vanillusykrinum og lyftiduftinu blandað í hveitið og sú blanda sett út í. Eggjahvíturarnar stífpeyttar og settar varlega út í með sleif en ekki í hærvélinni. Deiginu skipt í 2 helminga og kakóinu bætt út í annan helminginn. Kökuformið smurt að innan með smjörlíki eða olíu og smá rasp sett á allar hliðar formsins. Ljósara deiginu, svo hellið í formið og síðan

sá hluti sem er með kakóinu. Bakað á 175 gráðum í ca 40 mínútur.

Verði ykkur að góðu!

Steinunn skorar á Ingibjörgu Ástu á Reykjum að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

GÖNGUM INN Í NÝJA ÁRIÐ

Nú þegar jólahald er yfirstaðið er gott að hreinsa hugann og koma góðri rútínu á daglegt líf. Margir nota janúar til að koma sér af stað í hreyfingu enda er það tilvalinn tími ársins.

Eftir líflegan mánuð eins og desember getur verið er janúar mörgum þungur. Það er því mikilvægt að huga að andlegri líðan og gera eitthvað sem fær mann til að líða vel.

Það að hreyfa sig þarf ekki að kosta hálfan handlegg og krefjast mikils. Við í Mosó búum svo vel að vera með náttúruperlur hér allt um kring og margar skemmtilegar gönguleiðir. Það er því ekki seinna vænna en að finna til það sem er til heimavið, fót til útivistar og fara út að ganga. Það getur verið gott að byrja að ganga í sínu nánast umhverfi og svo þegar fer að vora er hægt að ganga uppá fellin hér í kring.

Það er gott að undirbúa fjallgöngur vel og skoða jafnvel leiðirnar áður en haldið er af stað. Það er virkilega skemmtilegt að ganga Helgafell, Mosfell, Úlfarsfell og að lokum Grímannsfell.

Það er tilvalið að ganga fjöllin í þessari röð, byrja á léttum göngum sem þynjast svo hver fá tætur annarri.



BRAGI ÞÓR

...drekum vatn



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar og
hljómborð á tilboði



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

SKEMMTANIR



Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreasen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is
gitarinn@gitarinn.is

Símar: 895 9376 - 552 2125

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



www.arioddsson.is

ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Slátupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS



VILTU SELJA?

588 55 30
WWW.BERG.IS

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

MG LÖGMENN

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

MALBIKSTÖÐIN

ÞJÓNUSTUAUGGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 7.000 + vsk.*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 547 4444

www.artpro.is



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

8. FEB.

Blaðinu er dreift fritt
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðglýsinga er til
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Ertu með
áramótaheit?



ALDÍS:
Vera betri í fimleikum.



ÁRMANN:
Borða hollari mat.



EMMA:
Vera jákvæðari.



JÖKULL NÓI:
Vera duglegri að hrósa.



REBECCA LÍF:
Betri í fimleikum og jákvæð.



TORI LYNN: Duglegri að byggja upp sjálftraust og sjálfálit.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Strákarnir í Ally Pally



Sprengjusveit Kyndils



Butlerinn í heimsókn



Ennpá í fótunum



Bossarnir



Skötumeistarnir



Gilli orðaður



FEDGAR LÁTA AÐ SÉR KVEÐA
PRETTÁNDATÓNLEIKAR STORMSVEITARINNAR

HANSSON

TVÍFARAR



Valgeir Svansson



Elvar Örn Jónsson



Gleðilegt nýtt ár

Sprey er staðsett í
Mosfellsbæ og Garðabæ.



Hægt er að panta tíma á
Sprey.is eða í síma 5176677



2023

TAKK FYRIR SAMFYLGDINA Á ÁRINU



ALLT

F A S T E I G N A S A L A

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Pverholt 2 • Mosfellsbær



ÞRETTÁNDAGLEÐI

Laugardaginn 6. janúar söfnuðust Mosfellingar saman á árlegri þrettándabrennu og kvöddu jólin. Gryla og Leppalúði ásamt þeirra hyski voru á svæðinu eins og sjá má á myndinni.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Múlalundur

Glæsileg
ritfangaverslun
í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

Þjónusta við
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð

588 55 30



Leirvogstunga



OPIÐ HÚS 16. jan. kl. 17-17:30

253 fm einbýlishús við Leirvogstungu. Húsið er vel staðsett með útsýni og stór garður umhverfis. Sólballur og hellulagt bílapan með snjóbræðslu. Er í góðu viðhaldi. Auðvelt að setja upp aukaíbúð í eigninni. Hiti er í gólfum að hluta. 5 svefnherbergi. Verð: 135 m.

Silfursléttu



Rúmgott 160 fm atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er með góða staðsetningu og mjög rúmgott. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Næg bílastæði.

Skeljatangi



Vel staðsett 94,2 fm íbúð á jarðhæð, með sérinnangi. Stór vel gróin lóð. Sólballur. 3 svefnherbergi. Hellulagnir framan við hús. Næg bílastæði. Verð: 69,5 m.

Klapparhlíð



Glæsileg 87,5 fm íbúð í enda á 2. hæð. Nýleg eldhúsinnrétting og eldhústæki. Nýtt badherbergi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og geymsla innan íbúðar. Sérinnangur. Svalir í suður. Topp eign á frábærum stað. Verð: 68,5 m.